

Mál nr. 57/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

Árekstur á bifreiðastæði í Kópavogi, þann 4.10.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.3.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 23.3.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak áleiðis úr stöðureit á bifreiðastæði við fjölbýlishús í Kópavogi. Í sömu andrá var bifreiðinni B einnig ekið aftur á bak úr stöðureit andspænis þeim stöðureit sem A var ekið úr, en akleið um bifreiðastæðið liggur á milli stöðureitanna. Um það bil á miðri akleiðinni milli stöðureitanna rákust afturendar bifreiðanna saman.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum. Þá hafi hann séð bakkljós á B kvikna og ökumaður hennar byrjað að bakka. Hann hafi þá stöðvað og flautað, en B hafi skolið á A.

Ökumaður B kvaðst telja að báðir ökumenn hafi verið að bakka á sama tíma.

Álit.

Engum vitnum er til að dreifa og eru ökumenn einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað og flautað er hann varð var við ferðir B. Ökumaður B virðist á hinn bóginn ekki hafa vitað neitt um ferðir A áður en árekstur, taldi einungis að báðar bifreiðirnar hefðu verið á ferð er árekstur varð. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki önnur ályktun dregin en sú að ökumaður B hafi ekki gætt nægrar varúðar er hann ók úr stöðureitnum umrætt sinn. Ber hann því sök á árekstrinum. Ekki eru efni til að fella sök á ökumann A vegna árekstursins.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. apríl 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.